

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stöðumælar verða settir upp í Vallarstræti. Gjald fyrir afnot stöðumælareita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. febrúar 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

23. marz 1971.

Nr. 62.

AUGLÝSING
um umferð í Keflavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að Túngata frá Norðfjörðsgötu að Vesturgötu verði framvegis tvístefnuakstursgata.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 23. marz 1971.

22. marz 1971.

Nr. 63.

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Gjald fyrir afnot stöðumælareita á Skúlagötu við Skúlatún verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. marz 1971.

Sigurjón Sigurðsson.